

Fjárlaganefnd Alþingis
B.t. Willums Þórs Þórssonar
Kirkjustræti
101 Reykjavík

Reykjavík, 11. nóvember 2021

Efni: málefni Hugarafis – Notendastýrðar starfsendurhæfingar


Til skrifstofu minnar hefur leitað Hugarafi – Notendastýrð starfsendurhæfing, kt. 460204-2240, vegna málefna undanfarin misseri er lúta að umræðu og greinargerð fyrrum félagsmanna Hugarafis um starfs- og stjórnunarhætti innan samtakanna. Hópurinn hefur borið alvarlegar áskanir á samtökin og yfirstjórn þeirra, m.a. í nefndri greinargerð sem hópurinn sendi fjölmiðlum og félagsmálaráðuneytinu.

Undirrituðum hefur nú borist skrifleg staðfesting þess frá ráðuneytinu að ekkert stjórnsýslumál sé til meðferðar af hálfu ráðuneytisins sem varðar málefni Hugarafis, þar sem áðurnefnd greinargerð var m.a. til skoðunar. Telur ráðuneytið ekkert tilefni til að rannsaka málefni Hugarafis frekar eða gera óháða úttekt á starfsemi samtakanna.

Af þessu tilefni vill undirritaður, f.h. stjórnenda Hugarafis, koma á framfæri þökkum til ykkar sem stutt hafið við bakið á samtökunum og þar með skjólstæðingum þeirra. Fyrir það eru samtökin afar þakklát.

Sé frekari upplýsinga óskað verða þær fúslega veittar. Vinsamlegast hafið samband við undirritaðan lögmann, annaðhvort í síma 537-9800 eða á netfangið saevar@saevarthor.is.

Virðingarfyllst,



Sævar Þór Jónsson,
lögmaður/MBA.